

Miðvikudagurinn 27. júní 2001

167. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 4/2001

**Kvörtun Tónskóla Hörpunnar
vegna meintrar mismununar
Reykjavíkurborgar í styrkjum til tónlistarskóla**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 29. desember sl., frá Tónskóla Hörpunnar þar sem kvartað er yfir mismunun sem kvartandi telur Tónskóla Hörpunnar sæta af hálfu Reykjavíkurborgar.

Tónskóli Hörpunnar telur að mismunun borgarinnar sé tvíþætt. Annars vegar sé tónlistarskólum í borginni mismunað og hins vegar sé börnum í borginni mismunað.

Varðandi fyrri þáttinn er bent á að Reykjavíkurborg reki sjálf ekki tónlistarskóla en veiti fjárframlög til tónlistarskóla sem ýmist séu sjálfseignarstofnanir eða einkahlutafélög. Fjárframlögin séu til greiðslu vinnulauna vegna kennslu. Þrátt fyrir að Tónskóli Hörpunnar hafi uppfyllt öll hugsanleg skilyrði sem skólastarfsemi þurfi að uppfylla hafi skólinn þó ekki notið framlaga frá Reykjavíkurborg Nemendur Tónskólans, sem eru börn á grunnskólaaldri, njóti fyrir vikið ekki sömu þjónustu og nemendur annarra tónlistarskóla og þurfi þar að auki að greiða mun hærri skólagjöld en þeir.

Framangreint veldur því að mati Tónskólans að samkeppnisstaða skólans sé skert til muna gagnvart öðrum tónlistarskólum fyrir grunnskólanemendur og brjóti slík mismunun borgaryfirvalda gagnvart tónlistarskólum í bága við samkeppnislög.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Tónskóla Hörpunnar var sent Reykjavíkurborg til umsagnar og barst umsögn borgarlögmans þann 2. febrúar sl.

Í umsögn borgarlögmans kemur fram að styrkjakerfi borgarinnar sé tvíþætt. Annars vegar sé um fjárstuðning við almenna tónlistarskóla að ræða sem fjallað sé um í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og hins vegar sé um að ræða árlega styrki Fræðsluráðs sem úthlutað sé til ýmissa verkefna.

Með lögum nr. 87/1989 um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, hafi sveitarfélög tekið við opinberum fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskólana. Tónlistarskólar í eigu annarra en sveitarfélaga geta notið styrks samkvæmt ákvæðum laganna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Áður en tónlistarskóli sem ekki er rekinn af sveitarfélagi hefur starfsemi skuli m.a. senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytis. Í 1. gr. laganna sé fjallað um skilyrði sem fullnægja þurfi til þess að tónlistarskóli teljist styrkhæfur en áskilið sé samþykki sveitarstjórnar ef skóli sé rekinn af öðrum en sveitarfélagi eins og í þessu tilviki.

Tónskóli Hörpunnar hafi tekið til starfa árið 1999 án þess að leitað hafi verið eftir viðurkenningu sveitarfélagsins á starfseminni eins og áskilið sé í lögnum. Þann 11. mars sl. hafi tónlistarskólinn óskað eftir samþykki borgarstjórnar á skólanum en Reykjavíkurborg hafi ekki samþykkt Tónskóla Hörpunnar í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Samkvæmt ákvæðum laganna hafi sveitarfélög ákvörðunarvald um það hvort tónlistarskóli sé styrktur í samræmi við lögin. Í núgildandi lögum séu skýr ákvæði um stofnun og rekstur tónlistarskóla. Sveitarfélög hafi sjálfsákvörðunarrétt um það hvort veittir séu styrkir og þar sem stofnun Tónskóla Hörpunnar hafi ekki verið samþykkt af Reykjavíkurborg í samræmi við lög nr. 75/1985 telji Reykjavíkurborg sér ekki skylt að styrkja starfsemi skólans.

Reykjavíkurborg styrki nú 14 tónlistarskóla en sjö þeirra hafi verið starfræktir við gildistöku laga nr. 75/1985. Þá reki Reykjavíkurborg tónlistarskóla á Kjalarnesi. Við fjölgun tónlistarskóla hafi Reykjavíkurborg haft staðsetningu skólanna í huga og hafi stefna borgarinnar verið sú að setja aukið fjármagn í tónlistarskóla sem séu í nýrri hverfum borgarinnar en flestir eldri skólanna hafi verið staðsettir í eldri hverfum. Tveir tónlistarskólar í Grafarvogi njóti nú styrkja frá Reykjavíkurborg. Gert sé ráð fyrir að skólarnir uppfylli skilyrði 1. gr. laganna um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Fræðsluráð úthluti árlega styrkjum til ýmissa verkefna er varði skólamál og hafi Tónskóli Hörpunnar óskað eftir styrk til starfseminnar. Fræðsluráð hafi ekki talið sig geta orðið við erindinu.

Því sé mótmælt að Reykjavíkurborg mismuni tónlistarskólum með núverandi styrkveitingum sínum eða brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga með einhverjum hætti. Styrkveitingar Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla séu byggðar á ákvæðum gildandi laga sem feli í sér skuldbindingar fyrir sveitarfélagið. Við ráðstöfun styrkfjárhæða verði að líta til margra þátta en Reykjavíkurborg styrki nú þegar tvo tónlistarskóla í Grafarvogi. Rétt sé að áréttu að ýmsir starfandi tónlistarskólar í Reykjavík njóti engra styrkja frá Reykjavíkurborg. Af sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga, sjálfsforræði þeirra á tekjustofnum og lögum nr. 75/1985 leiði, að einkaaðilar geti hins vegar ekki einhliða sett á stofn rekstur tónlistarskóla og þar með bundið sveitarfélagið til styrkveitinga. Af framangreindu og með hliðsjón af fyrirkomulagi í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla verði ráðið að höfnun styrkveitinga til Tónskóla Hörpunnar sé byggð á málefnalegum sjónarmiðum.

2.

Umsögn Reykjavíkurborgar var send Tónskóla Hörpunnar til athugasemda og bárust þær þann 20. febrúar sl.

Í athugasemdum Tónskólans er nokkrum liðum í umsögn Reykjavíkurborgar svarað. Bent er á að ekki hafi komið fram í umsögn Reykjavíkurborgar á hvaða forsendum styrkhöfum hafi verið fjölgað og hvað aðgreini Tónskóla Hörpunnar frá þeim skólum.

Varðandi þá röksemd Reykjavíkurborgar að senda skuli greinargerð um fyrirhugaða stofnun tónlistarskóla til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytisins vill Tónskólinn benda á að eftir því sem best sé vitað

hafi enginn þeirra skóla sem starfræktur sé á höfuðborgarsvæðinu og njóti styrks frá borginni sent inn greinargerð um fyrirhugaða stofnun skólans og fengið borgina til að fallast á greiðslur til skólans áður en hann hóf starfsemi. Allir tónlistarskólarnir í Reykjavík séu reknir af þriðja aðila, nema Klébergsskóli, en rekstur hans hafi nýlega færst á hendur borgarinnar vegna sameiningar sveitarfélaga.

Vegna fullyrðingar Reykjavíkurborgar um að fyrir stofnun skólans hafi ekki verið leitað eftir viðurkenningu sveitarfélagsins á starfseminni vill skólinn taka fram að Reykjavíkurborg hafi ekki ennþá svarað bréfi þar sem óskað sé eftir að skólinn hljóti samþykki borgarstjórnar. Svar borgarinnar hljóti að þurfa að liggja formlega fyrir áður en hægt sé að nota það sem röksemd.

Tónskólinn bendir á að enda þótt sveitarfélag hafi ákvörðunarvald um það hvort tónlistarskóli sé styrktur í samræmi við lögina séu engin ákvæði í lögum um það hversu margir tónlistarskólar megi starfa í einu sveitarfélagi. Upphæð styrkgreiðslna Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla sé ekki háð fjölda skólanna, heldur séu greiðslurnar eingöngu vegna sannanlega unninnar kennslu. Styrkur til Tónskóla Hörpunnar myndi því eingöngu íþyngja borgarsjóði vegna þess fjölda nemenda sem í skólanum sé, á sama hátt og jafnmiklum fjölda nemenda væri sinnt í öðrum tónlistarskóla sem nú þegar nyti fjárframlaga frá borginni.

Tónskólinn ítrekar að borgin hafi ekki í svarbréfum sínum gert athugasemdir við það að skólinn fullnægi ekki ákvæðum laganna. Skólinn hafi ekki krafist einhverrar ákveðinnar fjárhæðar frá borginni, heldur einungis þess að fá að sitja við sama borð og aðrir tónlistarskólar. Heildarupphæð fjárveitinga sé ákveðin af borgarstjórn. Skipting þess fjár hljóti að fara eftir einhverjum reglum og lögum.

Tónskólinn vill benda á að enn sem komið sé njóti íbúar Grafarvogs ekki jafn hárra styrkja við rekstur tónlistarskóla og aðrir íbúar Reykjavíkur. Um 16% grunnskólabarna borgarinnar njóti tónlistarnáms, en nemendur tónlistarskólanna í Grafarvogi sem njóta fjárframlaga frá borginni séu 12% tónlistarnemenda. Í Grafarvogi búi hins vegar 21% allra grunnskólabarna Reykjavíkur. Hafi borgaryfirvöld sett fram stefnu um að þjóna nýrri hverfum á sama hátt og eldri hverfum væri eðlilegt að tónlistarskólar í Grafarvogi þjónuðu 21% allra tónlistarskólanema Reykjavíkurborgar. Frá þeim sjónarhóli séð ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að veita Tónskóla Hörpunnar sambærileg fjárframlög og aðrir tónlistarskólar njóta.

Tónskólinn bendir á að borgin leggi engar kvaðir á skólana um að sinna ákveðnum nemendum, eða að öll börn sem þess óski fái notið tónlistarkennslu á einhverjum ákveðnum aldri eða á einhverju ákveðnu tímasteiði ævinnar eða um einhvern tiltekinn tíma. Ekki sé krafist sérstaks árangurs eða skýrslugerðar þar um. Engar skýrslur séu til um það hvaða einstaklingar hafi notið tónlistarnáms og hverjir hafi ekki fengið aðgang. Ekki verði betur séð en að skólinn uppfylli öll skilyrði sem í lögum eru sett til að geta talist styrkhæfur. Ekki verði heldur lesið úr röksemdafærslu borgarinnar að réttlæt看legt sé að gera upp á milli tónlistarskóla sem allir séu einkareknir og stofnaðir af einstaklingum og félögum. Þó svo Reykjavíkurborg telji sig fara eftir lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla þá undanþiggi það ekki borgina frá ákvæðum samkeppnislaga.

3.

Athugasemdir Tónskóla Hörpunnar voru sendar Reykjavíkurborg og barst umsögn borgarinnar þann 25. mars sl.

Þar kemur m.a. fram að samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2000 hafi styrkveitingar til þeirra tónlistarskóla sem borgin styrki verið alls 398,3 milljónir króna. Á árinu 2001 sé áætlað að styrkveitingarnar verði 420 milljónir en mismunurinn stafi fyrst og fremst af áætluðum launahækkunum. Styrkur til hvers skóla sé ekki ákvarðaður á hvern nemanda fyrir sig enda stundi nemendur skólanna nám á ýmsum stigum og á ýmsar tegundir hljóðfæra. Kostnaður á hvern nemanda sé þannig mun lægri á forskólastigi en á efri stigum tónlistarnáms. Samþykkt kennslumagn af hálfu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sé því mismunandi eftir tónlistarskólum og sé þar reynt að taka tillit til sérstöðu skólanna. Þannig þurfi t.d. Tónlistarskólinn í Reykjavík, þar sem flestir nemendur séu lengra komnir í sínu tónlistarnámi, mun meira kennslumagn á hvern nemanda en skóli sem aðallega er með yngri nemendur í forskóla- og hljóðfæranámi.

Styrkupp hæð sé miðuð við upplýsingar frá skólunum sjálfum. Upphæðin taki mið af samþykktu kennslumagni hvers skóla. Samþykktu kennslumagni þ.e. vikustundum, sé síðan deilt í meðalkennsluskýldu (klst/viku) og fáið þannig upplýsingar um fjölda kennara sem standi að baki samþykktu kennslumagni sem síðan sé margfaldað með meðalárslaunum kennara í viðkomandi skóla.

Í nýrri skólum, þ.e. DoReMi, Tónlistarskóla Árbæjar og Nýja söngskólanum sé styrkjum úthlutað með þeirri forskrift að veittur sé ákveðinn styrkur samkvæmt samningi sem standa þurfi undir kennslu ákveðins lágmarksfjölda nemenda. Í þessum tilvikum sé niðurstaðan hin sama þ.e. samþykkt sé ákveðið kennslumagn sem taki mið af áherslum í starfsemi skólans. Framangreind aðferð Reykjavíkurborgar við útdeilingu styrkja til tónlistarskóla mismuni ekki þeim skólum sem njóti styrkja heldur þvert á móti sé hún til þess fallin að jafna styrkveitingum niður á skólana með málefnalegum hætti.

Við alla skóla sem njóti styrkja samkvæmt lögum nr. 75/1985 séu gerðir sérstakir tónlistarsamningar en efnisleg uppbygging þeirra sé mjög svipuð fyrir alla skólana. Af samningunum megi glögglega sjá að styrkveitingar Reykjavíkurborgar til tónlistarskólanna grundvallist á ákvæðum laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Með hliðsjón af framangreindu og umsögn Reykjavíkurborgar frá 2. febrúar sl. sé fullyrðingum Tónskóla Hörpunnar um að borgin mismuni þjónustustofnunum í Reykjavík mótmælt. Þá hafi það ekki komið fram hjá Tónskóla Hörpunnar með hvaða hætti Reykjavíkurborg brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 með núverandi fyrirkomulagi á styrkveitingum til tónlistarskóla. Reykjavíkurborg árétti að styrkir borgarinnar grundvallist á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla en samkvæmt þeim lögum hafi sveitarfélag ákvörðunarvald um það hvort tónlistarskóli sé samþykktur á grundvelli 3. gr. laganna enda feli slíkt samþykki í sér að sveitarfélag standi straum af stórum hluta rekstrarkostnaðar viðkomandi skóla, sbr. 10 .gr.

Jafnframt bendi Reykjavíkurborg á að allt frá því að Tónskóli Hörpunnar hafi óskað eftir fjárstyrk á sömu forsendum og aðrir tónlistarskólar hafi ekki verið gert ráð fyrir styrkveitingum til nýrra tónlistarskóla í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á grundvelli laga nr. 75/1985.

4.

Kvartanda voru sendar athugasemdir Reykjavíkurborgar til upplýsinga en hann óskaði ekki eftir að koma að frekari athugasemdum.

III.

Álit samkeppnisráðs

Á fundi samkeppnisráðs, þann 27. júní 2001, var mál þetta afgreitt. Þátt í fundinum tóku Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Sigurbjörn Magnússon, Karitas Pálsdóttir og Ólafur Björnsson.

1.

Mál þetta snýst um styrkveitingar Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla og meinta mismunun í styrkveitingum sem skaði samkeppni á markaði fyrir tónlistarskóla. Um er að ræða annars vegar styrkveitingar á grundvelli laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og hins vegar styrkveitingar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur til ýmissa verkefna. Umfjöllunin hér á eftir mun taka mið af þessari skiptingu og verða styrkveitingar á grundvelli laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla fyrst skoðaðar.

Kvartandi rekur tónlistarskóla fyrir grunnskólabörn í Grafarvogi og býður upp á kennslu á flest hljóðfæri. Kvartandi ber því við að þrátt fyrir að Tónskóli Hörpunnar uppfylli öll skilyrði fyrir styrkveitingu Reykjavíkurborgar á grundvelli laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla hafi hann ekki fengið styrk af hálfu borgarinnar á meðan keppinautar hans séu styrkþegar. Þetta valdi því að samkeppnisstaða skólans sé skert til muna gagnvart öðrum tónlistarskólum og að sama skapi njóti nemendur skólans ekki sömu þjónustu og nemendur tónlistarskóla sem hljóti styrki á grundvelli laganna.

Í máli Reykjavíkurborgar kemur fram að kvartandi hafi stofnað Tónskóla Hörpunnar án þess að leita eftir viðurkenningu sveitarfélagsins á starfseminni eins og áskilið sé í lögnum. Sveitarfélög hafi ákvörðunarvald um það hvort að tónlistarskólar séu styrktir samkvæmt lögnum eður ei. Reykjavíkurborg styrki nú 14 tónlistarskóla og við fjölgun þeirra sé tekið mið af staðsetningu þeirra þannig að aukið fjármagn renni til skóla í nýrri hverfum. Tveir tónlistarskólar á starfssvæði Tónskóla Hörpunnar í Grafarvogi njóti nú styrkja frá borginni. Styrkir borgarinnar séu reiknaðir út miðað við uppgefnar kennslustundir viðkomandi tónlistarskóla. Þeirri aðferð sé beitt gagnvart öllum styrkþegum. Þar af leiðandi geti ekki verið um mismunun milli tónlistarskóla að ræða heldur sé umrædd reikniaðferð til þess fallin að jafna styrkveitingum niður á skólana með málefnalegum hætti.

2.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömulum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Samkvæmt d-lið 2.mgr. 5. gr. laganna er það hlutverk samkeppnisráðs að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði.

3.

Í 1. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla er tæmandi upptalning á þeim skilyrðum sem skóli þarf að fullnægja til að teljast tónlistarskóli. Skólinn verður að hafa a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara. Hann verður að starfa minnst sjö mánuði á ári og ljúka með prófum og opinberum nemendatónleikum. Kennt skal samkvæmt námskrá útgefinni af menntamálaráðuneytinu eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins ef námskrá skortir. Hverjum nemanda skal veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku, auk þess sem a.m.k. tvær aukanámsgreinar séu kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur). Skólinn skal hafa a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar og hafa hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

Í 3. gr. laganna segir m.a. að aðrir en sveitarfélög geti sett á fót tónlistarskóla sem njóti styrks samkvæmt ákvæðum laganna. Áður en slíkur skóli hefji starfsemi skuli senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytisins.

Á grundvelli 10. gr. laganna fái tónlistarskólar sem eigi séu reknir af sveitarfélögum greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun.

11. gr. segir: „Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnað kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun“.

4.

Í gögnum málsins kemur fram að 14 tónlistarskólar njóti nú styrkja hjá Reykjavíkurborg á grundvelli laga nr. 75/1985. Heildarstyrktar fjárhæð árið 1999 hafi verið 366.991.667 kr. og skiptist þannig milli skóla:

Tónlistarskólar	Fjárhæð kr. m.v. 1999	Fjöldi nemenda
Tónlistarskólinn í Reykjavík	64.200.000	214
Tónskóli Eddu Borg	14.400.000	165
Tónskóli Sigursveins	68.800.000	640
Söngskólinn í Reykjavík	42.500.000	177
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	17.500.000	194
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	59.000.000	415
Tónskólinn Do Re Mi	9.700.000	107
Nýi söngskólinn Hjartans mál	1.025.000	80
Tónlistarskóli Árbæjar	2.100.000	105
Suzukitónlistarskólinn í Rvk	17.500.000	162
Tónskóli grunnskóla Grafarv.	3.800.000	113
Nýi tónlistarskólinn	37.500.000	151
Tónlistarskóli FÍH	27.800.000	190
ALLS	365.825.000	2713

Þegar litið er yfir styrkþega má sjá að þar er ekki í öllum tilvikum um keppinauta að ræða. Söngskólinn í Reykjavík hefur t.a.m. sérhæft sig í kennslu á söng og er hann á framhaldsskólastigi. Nokkrir aðrir tónlistarskólar í töflunni auk kvartanda kenna börnum á grunnskólastigi hljóðfæraleik. Markaðurinn í máli þessu er því tónkennsla grunnskólabarna. Tónskóli Hörpunnar starfar í Grafarvogshverfi. Þar starfa auk Hörpunnar tveir tónlistarskólar sem styrktir eru af Reykjavíkurborg.

5.

Til að tónlistarskóli falli undir lög nr. 75/1985 verður hann að fullnægja þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. gr. laganna. Til að hljóta fjárhagslegan stuðning úr sveitarsjóði þarf tónlistarskóli að uppfylla ákvæði 3. gr. laganna og senda viðkomandi sveitarfélagi greinargerð um fyrirhugaða stofnun skólans. Sveitarstjórn fjallar síðan um greinargerðina og tekur afstöðu til þess hvort hún heimili greiðslur úr sveitarsjóði. Í því sambandi ber að meta hvort umræddur skóli uppfylli öll skilyrði laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning.

Í gögnum málsins er því haldið fram að enda þótt tónlistarskólum beri að fá samþykki sveitarfélags um fyrirhugaða stofnun hafi því í raun ekki verið framfylgt af hálfu Reykjavíkurborgar. Kvartandi bendir á að eftir því sem best sé vitað hafi enginn þeirra skóla sem í dag njóti styrkja hjá Reykjavíkurborg sent sveitarfélagi greinargerð um fyrirhugaða stofnun skólans. Þessari fullyrðingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu Reykjavíkurborgar. Því má ætla að einhverjir þessara skóla njóti styrkja án þess að formlega hafi verið gengið eftir því að þeir uppfylli skilyrði laganna, sbr. þó 5. gr. laga nr. 75/1985 þar sem tilgreint er að þeir skólar sem starfandi voru við gildistöku laganna haldi staðfestingu sinni. Reykjavíkurborg hefur ekki sett formlegar reglur um úthlutun styrkja, þ.e. við hvaða hlutlæga mælikvarða beri að styðjast við mat á því hvort skóli hljóti styrk eður ei. Í máli Reykjavíkurborgar kemur fram að við ráðstöfun styrkja sé litið til margra þátta án þess að tilgreina frekar hvaða þættir það séu. Því virðist sem þær reglur sem stuðst er við vegna úthlutunar til tónlistarskóla séu ógagnsæjar. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að valda tortryggni milli keppinauta innbyrðis, tónlistarskólanna í þessu tilviki og gagnvart Reykjavíkurborg sem veitir sumum tónskólum styrki en öðrum ekki án þess að vitað sé fyrirfram við hvað sé miðað. Fyrirkomulag af þessum toga býður einnig heim hættu á mismunun.

Núverandi styrkjafyrirkomulag er þess valdandi að samkeppnisstaða einkarekinna tónlistarskóla er ekki sú sama enda þótt skólarnir séu að keppa á sama markaði, þ.e. markaði fyrir tónlistarkennslu grunnskólabarna. Rekstrarkostnaður þeirra er að flestu leyti sambærilegur nema hvað varðar launakostnað kennara. Reykjavíkurborg greiðir þann launakostnað í formi styrkja til þeirra tónlistarskóla sem njóta fjárhagslegs stuðnings á grundvelli laga nr. 75/1985 á meðan keppinautar eins og kvartandi sem ekki nýtur styrkja verður að taka tillit til launakostnaðar kennara við verðlagningu á þjónustu sinni til nemenda þ.e. grunnskólabarna. Keppinautum er ómögulegt að keppa á jafnræðisgrunni nema að þeir búi við sömu samkeppnis skilyrði en hluti af því er að vita fyrirfram við hvaða hlutlæga mælikvarða Reykjavíkurborg styðst við úthlutun styrkja.

Umrætt styrkjafyrirkomulag er til þess fallið að skapa samkeppnislegt ójafnræði milli keppinauta í skilningi samkeppnislaga. Ljóst er að Reykjavíkurborg er bæði rétt og skylt að gæta þess að fjárhagslegur stuðningur við tónlistarskóla fari ekki úr böndum. Samkeppnisráð fær hins vegar ekki séð að nauðsynlegt sé að útiloka tiltekna tónlistarskóla frá fjárhagslegum stuðningi til að stemma stigu við auknum kostnaði á þessu sviði. Ákvörðun um

fjárframlög til tónlistarskóla á grundvelli laga nr. 75/1985 er alfarið í höndum borgarráðs og hefur það alla möguleika til að takmarka kostnað á þessu sviði. Ákvæði laga um fjárstuðning til tónlistarskóla eru einnig skýr hvað varðar skilyrði styrkveitingar og er að mati samkeppnisráðs sérstaklega brýnt að samræmi sé í því hvernig ákvæðunum er framfylgt m.a. að almennt sé gengið eftir því að umsækjendur um styrki sendi inn greinargerð um fyrirhugaða stofnun tónlistarskóla þannig að borgaryfirvöld geti farið yfir þær greinargerðir og metið þær skv. hlutlægum gagnsæjum reglum. Fjöldi styrkþega, þ.e. tónlistarskóla, ætti ekki að hafa áhrif á kostnað Reykjavíkurborgar þar sem um fyrirfram samþykkt kennslumagn væri að ræða heldur myndi heildarstyrkfjárhæð eða kennslustundir, dreifast til allra tónskóla sem uppfylla skilyrði laga nr. 75/1985. Styrkur til hvers skóla myndi þá ráðast af heildarstyrkfjárhæðinni og fjölda styrkþega.

Að teknu tilliti til ofangreinds er þeim tilmælum beint til Reykjavíkurborgar að endurskoða framkvæmd styrkveitingar á grundvelli laga nr. 75/1985 þannig að hún mismuni ekki þeim sem starfa á viðkomandi markaði og verði í samræmi við markmið samkeppnislaga.

6.

Fræðsluráð Reykjavíkur veitir almenna rekstrarstyrki til ýmissa verkefna sem eru að öllu jöfnu tímabundin. Kvartandi telur sig ekki sitja við sama borð og aðrir styrkþegar Fræðsluráðs en honum hafi verið synjað um slíkan styrk. Í máli Reykjavíkurborgar kemur fram að hvað varði styrki Fræðsluráðs til ýmissa verkefna er varði skólamál þá hafi Fræðsluráð ekki talið sig geta orðið við styrkbeiðni Tónskóla Hörpunnar vegna ónægs fjármagns og fjölda umsókna.

Að mati samkeppnisráðs er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið ferðinni þegar kvartanda var ekki veittur almennur rekstrarstyrkur Fræðsluráðs Reykjavíkur. Um sé að ræða styrki sem veittir eru til ýmissa málaflokka en ekki eingöngu tónskóla. Samkeppnisráð telur að ekki hafi verið sýnt fram á að einum tónskóla hafi verið veitt samkeppnislegt forskot með slíkum styrkveitingum fram yfir aðra.